

Original Natural Matt Interior

Piljulakkbæs



Efnislýsing

Original Natural Matt Interior er almattur vatnspynnalegur lakkbæs til notkunar á viðarflæti innanhúss. Efnið dregur fram náttúrulegt útlit viðarins, er frábært í vinnslu og hefur einstaklega fallega og jafna áferð. Lita má efnið í fjölda lita eða nota það ólitað.

Original Natural Matt Interior er ætlað á furu og greni, t.d. á lofta- og veggjapiljur, hurðir, lista og karna o.fl., bæði við ný- og endurmálum. Við framleiðslu efnisins er notuð sk. „Nutri Protect Technology“ til að efnið þrengi sig betur inn í viðinn og skapi sterkan verndarhjúp. Innbyggð UV sólarvörn dregur úr gulnun viðarins. Ekki þarf að glærlakka yfir lakkbæsinn.

Meðhöndlun

- Ómeðhöndlaður viður skal vera hreinn og laus við óhreinindi.
- Hrærið vel í efninu fyrir notkun og meðan á notkun stendur. Munið að bera jafnt á flötinn, eina fjöl í einu, langsum.
- Mælt er með 1-3 umferðum af efninu á beran, slípaðan við. Athugið að liturinn ýkist með hverri umferð og hulan eykst.
- Strjúkið létt yfir flötinn með sandpappír eftir fyrstu umferð til að fjarlægja hugsanlegt ýfingu/ris viðartrefja.
- Viður sem þegar hefur verið borið á skal þvo með Original Málartvätt og mattslípa. Berið 1-2 umferðir af efninu á viðinn.
- Á nýheflaðan við má bera mjög þunnt lag af efni með pensli eða þurrka umframefnið af með tusku ef sóst er eftir ljósara yfirborði með meira viðaryfirbragði.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífð verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss
Tegund: Akrýl/Alkýð
Gljástig: Almatt <4%
Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 2 klst
Yfirmálun: 4 klst
Hitastig við málun: Minnst +5°C, mest 25°C
Rakastig: 40-80%, kjörrakastig 65%
Þynning: Vatn, mest 10%
Staðlaðir litir: Glær
Verkfæri: Penslar, málningarsprautur (nauðsynlegt er að pensla út eftir sprautun)
Þekja: 8-10 m²/l
Umbúðir: 1, 2,5 og 10 lítra dósir
Hreinsun: Vatn
Geymsla: Í frostfríu, svölu og þurru rými
Rokgjörn lífræn efni (VOC): Hámarksgildi fyrir þessa vöru er (fl. A/e) 130 g/l. Varan inniheldur mest 35 g/l

Endurskoðað júní 2024